

RANNSÓKNARSJÓÐUR VEGAGERÐARINNAR

Stofnbrautir hjólreiða – Rýni áætlana

Markmið og gögn

Til athugunar voru 11 hjólreiðaáætlanir borga og systurstofnana Vegagerðarinnar á Norðurlöndunum auk ýmissa annarra gagna um hjólreiðar. Eingöngu var litið til uppbyggingar hjólaleiðakerfa í þéttbýli. Markmiðið var að yfirfæra þekkingu og reynslu annarra við gerð hjólreiðaáætlana á uppbyggingu samgöngunets fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Skerpt er á íslenski hugtaka- og orðanotkun sem tengist hjólreiðum í umferðinni í skýrslunni.

Niðurstöður: Tveir áhrifapættir

Greining á markmiðum og leiðarljósi áætlananna leiddi í ljós nokkuð mismunandi viðhorf til hjólreiða og að hverju beri að stefna við gerð slíkra áætlana. Annars vegar vegna þess vettvangs sem áætlanir eru settar fram á og hins vegar vegna áherslna eða sýnar höfunda áætlananna.

Vettvangur áætlanagerðar

Áætlanir borga eru ýmist settar fram sem hluti af aðalskipulagi eða sem sjálfstæðar hjólreiðaáætlanir, stundum sem systurplagg víðtækari samgönguáætlunar. Ef vel er að verki staðið er góður samhljómur milli hjólreiðaáætlunar borgar og samgönguáætlunar ríkisins. Systurstofnanir Vegagerðarinnar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og svæðisskrifstofan á Skáni hafa allar búið til áætlanir um það hvernig skuli auka veg hjólreiða í umferðinni. Er þá yfirleitt vísað til umhverfis og heilsufars markmiða í öðrum áætlunum stjórnvalda.

Mismunandi áherslur

Höfundar hjólreiðaáætlana hafa mismunandi bakgrunn og mismunandi fyrirætlanir sem byggja á viðhorfi þeirra til hjólreiða. Eftir því sem ofar dregur í stjórnkerfinu eru valmöguleikarnir fleiri og stefnumótandi til framtíðar. Því er um mjög pólitísk skjöl að ræða.

Dæmi: Í öllum tilfellum hefur nú verið greint á milli hjólreiða sem afþreying og reiðhjól sem samgöngutæki. Þó eimir eftir af því að þar sem hjólreiðar eru fremur fátíðar að reynt sé að samnýta stíga og ekki að öllu skilið á milli frístunda- og samgönguhjólreiða. Dæmi eru um mun ítarlegri flokkun hjólreiða eftir erindum og vegalengdum ásamt útlekkingu á því hvað það þýði fyrir skipulagningu leiðakerfisins. Það hlýtur að teljast að einhverju leyti þroskaðri og markvissari umræða að gera greinarmun á reiðhjólafólki eftir erindi þess og hæfni í umferðinni.

Aðrar efnislegar niðurstöður

Framsetning og uppbygging áætlana hefur mikið að segja við greiningu á innihaldi þeirra. Vætanlega hefur það einnig áhrif á skilning á þeim og framfylgd þeirra í stjórnkerfinu. Sýnt er dæmi um vel gerða uppbyggingu á hjólreiðaáætlun samkvæmt reynslu höfundar af lestri áætlananna.

Óvænt niðurstaða var það mikla vægi sem miðlun upplýsinga til almennings og fagfólks hafði í rýndum áætlunum. Almennatengsl virðast álitinn einn af lykilþáttum þess að vel takist til við innleiðingu hjólreiðaáætlana. Þá er miðlun nýrra vinnubragða og upplýsinga til fagfólks og embættismanna mikilvægur liður í því að byggja upp farsælt hjólaleiðanet.

Þær vinnuaðferðir sem liggja að baki hönnun hjólaleiðakerfa mótast af markmiðum áætlananna og aðstæðum á hverjum stað. Fjallað er um þær aðferðir, stefnur og verkfæri sem notaðar eru við skipulagningu hjólaleiðakerfa. Þar má nefna tæknilega greiningu, samvinnu við hagsmunasamtök, skipulagsferlið og fjármögnun verkefna. Einnig er fjallað um aðferðarfræði við markvissa forgangsroðun verkefna.